



Grundarfjarðarbær

Vinnureglur vegna rekstrarleyfisumsókna gististaða í íbúðabyggð, Grundarfirði

1. Skipulags- og byggingarfulltrúi skal veita umsögn samkvæmt lögum nr. 85/2007.
2. Slökkviliðsstjóri skal veita umsögn samkvæmt lögum nr. 85/2007.
3. Bæjarstjórn skal veita umsögn samkvæmt lögum nr. 85/2007. Slík umsögn verður ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur lokið kynningu erindisins til næstu nágretta og undirrituð niðurstaða þess efnis liggur fyrir.
Bæjarstjórn veitir umsögn um erindið í framhaldi af niðurstöðu kynningar.

Bæjarstjórn ber ekki að svara athugasemdum/ábendingum vegna kynningar, nema að umsögn bæjarstjórnar verði jákvæð, þá skal bæjarstjórn færa rök fyrir ákvörðun sinni.

4. Heimilt er að falla frá kynningu ef heimild er fyrir starfsseminni í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, og/eða að eigandi skili inn undirskrifuðu samþykki eiganda nágrettalóða.
5. Eigandi skal uppfylla „Samþykkt um fjölda bílastæða innan lóða í Grundarfjarðarbæ“ og fylgja þeirri samþykkt, óháð fjölda herbergja.
6. Heimilt er að falla frá lið 5 ef viðkomandi hefur aflað sé rekstrarleyfis fyrir þessa samþykkt og hefur verið athugasemdalaus í rekstri. Ef um stækkun eða breytingu á útgáfu á liður 6 ekki við og skal þá tilvonandi rekstrarleyfishafi uppfylla kröfur samkvæmt lið 5.
7. Vinnureglurnar eiga við um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum eftir atvikum.
8. Húsnæði sem notað er við rekstur gististaða er í Grundarfirði telst vera atvinnuhúsnæði og skattleggst því í samræmi við það við álagningu fasteignagjalda.
8. Bæjarstjórn skal hafa hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi við útgáfu eða umsögn á rekstrarleyfi í íbúðabyggð.

Samþykkt í bæjarstjórn 8. desember 2016

Þorsteinn Steinsson
bæjarstjórinn í Grundarfirði